

Kvennalistans 17. sept. 1986

Framkvæmdanefnd Kvennalistans

16.ág.1986

Undirritaðar voru á síðast liðnu vori skipaðar í svo kallaða starfsreglunefnd þar sem við vorum beðnar að koma með tillögur um:

- a. Útskiptingar á þingi á komandi hausti.
- b. Hvaða grundvallarsjónarmið skulu höfð i huga við skipan framboðslistans í Reykjavík við næstu alþingiskosningar.

Undirritaðar héldu þrjá fundi og ræddu auk þess einslega við þingkonurnar í Reykjavík.

Helstu niðurstöður:

A. Útskiptingar á þingi á komandi hausti.

Í ljósi reynslu síðast liðinna þriggja ára mælum við með því að í haust verði haldið áfram á þeirri braut að skipta út þingkonum. Það er álit okkar að útskiptingar hafi best tekist til á öðru þingi þegar þrjár varapิงkonur tóku að sér þingstörf þar af Kristín Ástgeirs dóttir tvisvar. Þá hafi varapิงkonur verið mjög virkar í innra starfi og út á við hafi verið mikil breidd.

Þegar er ljóst að Guðrún Agnarsdóttir er tilbúin til þess að fara út í tvær vikur hvenær sem er á haustþinginu og það stendur til að Sigríður Dúna fari til Grænhöfðaeyja eftir tuttugasta október í tvær vikur. Ef af þeirri för verður mundi önnur kona taka sæti í hennar stað. Það er einnig vitað að María Jóhanna er reiðubúin til þess að fara inn í tvær vikur á haustþinginu.

Þegar það liggur fyrir hvort Sigríður Dúna fer utan mælumst við til að þingflokkur eða framkvæmdanefnd ákveði þegar hver tekur hennar sæti. Við teljum eðlilegt að það liggi fyrir sem allra fyrst og ekki seinna en fyrsta október.

Benda má á að hvorki virðist ljóst hver á að taka um það ákvörðun hvaða kona eigi að taka sæti á þingi né eftir hvaða reglum eigi að velja konur til að fara inn í svona tilvikum. Sjá nánar um tillögur okkar varðandi þessi atriði í B lið.

B. Meginþsjónarmið varðandi skipan framboðslista í Reykjavík í næstu Alþingiskosningum.

Þau tvö sjónarmið sem við teljum að beri að taka mið af við skipan listans eru:

- 1) Að gera sem flestar konur virkar og að valdi og ábyrð verði dreift sem mest og best.

2) Að sú reynsla sem fengist hefur á yfirstandandi þingi komist sem best til skila.

Það er mat okkar að vinnubrögð uppstillinganefnda við undanfarnar kosningar hafi verið mjög góð, ekki síst sú tilhögun að hafa skoðanakönnun sem uppstillinganefnd notar síðan til hliðsjónar við starf sitt. Mælum við með að slikum vinnubrögðum verði haldið áfram.

Að öðru leyti leggjum við til eftirfarandi:

1. Að aðeins önnur þingkona Reykjavíkur verði á þingi allt næsta kjörtímabil.
2. Hugsanlegt er að hin þingkonan verði inni í hálft kjörtímabil eða tvö ár.
3. Að ný kona verði i öðru af tveim efstu sætunum.
4. Að uppstillinganefnd verði kosin sem fyrst og að hún ákveði röð á framboðslista með hliðsjón af niðurstöðum skoðanakönnunar. Verði það gert með góðum fyrirvara. Helst í október eða nóvember.
5. Að á hverju þingi á næsta kjörtímabili verði stefnt að því að tvær til þrjár varapingkonur taki að sér þingstörf og að það sé vitað fyrir 1. ágúst ár hvert hvaða konur taki sæti á haustþingi og fyrir 1. nóvember ár hvert hvaða konur fari inn á vorþingi. Þessar konur verði þá virkar varapingkonur Kvennalistans það árið. (Það má benda á að sú skoðun hefur komið fram hjá þingkonunum að þær telji að innáskiptingar í tvær vikur sé ansi stuttur tími og verði varla meira en starfskynning. Þeirri hugmynd hefur verið fleyst að innáskiptingar ættu að vera lengri jafnvel í hálft ár meðfram styttri innáskiptingum. En allar slikar reglur verða að liggja fyrir áður en til kosninga kemur.)
6. Varðandi val á varapingkonum teljum við óhjákvæmilegt að taka að e-u leyti mió af röðinni á framboðslistanum en meginjónarmiðin verði þau að viðkomandi kona hafi verið virk í hreyfingunni og hafi hugsanlega þingmál til að flytja. Við leggjum til að endanleg ákvörðun sé tekin af framkvæmdanefnd Reykjavíkur varðandi varapingkonu Reykjavíkurþingkvenna en af framkvæmdaráði fyrir landskjörna þingkonu í Reykjavík. Í báðum tilvikum yrði það gert með hliðsjón af tillögum þingfloksins.

Að lokum skal það tekið fram að eftir samtl okkar við þingkonurnar höfum við ákveðnar skoðanir á því hvaða sæti þær ættu að skipa á næsta framboðslista og erum reiðubúnar að gera grein fyrir því við uppstillinganefnd ef eftir því verður leitað.

Guðný Guðbjörnsdóttir

Kristín Jónsdóttir

*Kristín Jónsdóttir*